



## Siðareglur

### 1. Tilgangur

Stjórn Terra umhverfisþjónustu hf. telur mikilvægt að starfsemi og viðskipti félagsins séu stunduð af heilindum og að orðspor hagaðila sem og okkar sé í heiðri haft. Tilgangur siðareglna þessara er að veita stjórn, stjórnendum og starfsfólki Terra umhverfisþjónustu og dótturfélaga (hér eftir sameiginlega vísað til sem „félagið“ eða „við“) og annarra sem starfa eða koma fram undir merkjum félagsins almennar leiðbeiningar þegar kemur að því að gæta siðferðislegrar ábyrgðar. Þær eru hluti af þeim anda sem félagið vill að sé ríkjandi í störfum þess. Þær eru ekki tæmandi, heldur leiðbeinandi og hvetjandi.

### 2. Gildissvið

Siðareglur þessar gilda um stjórn, stjórnendur og starfsfólk félagsins, á samstæðugrunni.

Reglurnar eru janframt hafðar til hliðsjónar við val á og endurnýjun samning við verktaka, ráðgjafa, birgja eða annarra samstarfsaðila félagsins.

Hverjum og einum aðila sem undir siðareglurnar fellur ber að fara eftir ákvæðum þeirra og tileinka sér þær í daglegum störfum sínum.

Það er á ábyrgð stjórnar og allra yfirmanna að hafa forgöngu um innleiðingu og eftirfylgni með siðareglunum og vera öðrum fyrirmyndir í þeim efnum – og hverjum og einum sem undir siðareglurnar falla ber að fara eftir ákvæðum þeirra og tileinka sér í daglegum störfum sínum.

### 3. Markmið

Markmið siðareglna þessara er að tryggja að viðskipti félagsins séu stunduð af heilindum og að orðspor félagsins og hagaðila þess sé í heiðri haft.

Við einsetjum okkur að þekkja, skilja og fara eftir hvers konar lögum, reglum, stefnum, starfsreglum og siðareglum sem gilda um störf okkar og við leitum okkur aðstoðar ef við teljum okkur skorti nauðsynlegan skilning eða við teljum að lög eða siðareglur hafir verið brotin.

Þessu markmiði náum við með því að hvert og eitt okkar axli ábyrgð á því að heiðarleiki, sanngirni og gagnkvæm virðing einkenni samskipti og framkomu okkar.

Siðareglum þessum skal fylgt eftir og þær túlkaðar í samræmi við framangreind markmið félagsins og hagsmuni hagaðila þess eins og við á hverju sinni.

### 4. Hagaðilar

Við leggjum áherslu á að allir hagaðilar okkar séu hafðir í fyrirrúmi við framkvæmd siðareglanna.

Hagaðilar félagsins eru: Starfsfólk, hluthafar, viðskiptavinir, fjármögnunaraðilar (kröfuhafar), samstarfsaðilar og birgjar, samfélag, umhverfi og fjölmiðlar, löggjafarvald og eftirlitsaðilar.

### 5. Samfélagsleg ábyrgð og mannréttindi



Samfélagsleg ábyrgð, mannréttindi, umhverfismál, fjölbreytileiki og sjálfbærni skipta félagið miklu máli og gerum við ríkar kröfur til okkar sjálfra og birgja okkar þegar kemur að þeim málaflokkum og höfum við sett okkur skýrar stefnur og markmið þar að lútandi.

Við virðum mannréttindi í hvívetna og stefnum að því að eiga góð samskipti við þau samfélög sem starfsemi félagsins nær til og að hafa góð áhrif á þau.

Við förum eftir gildandi lögum og reglum hverju sinni varðandi umhverfismál og heitum að leita sífellt leiða til að draga úr neikvæðum áhrifum á umhverfið og auka jákvæð áhrif.

Við leggjum ríka áherslu á sjálfbærni þeirra auðlinda sem félagið byggir starfsemi sína á sé tryggð til langs tíma.

Félagið fagnar fjölbreytileika í samfélaginu og á meðal starfsfólksins og samþykkir ekki mismunun, áreiti eða einelti af nokkru tagi. Við virðum hvers konar starfstengd réttindi starfsfólks okkar og stuðlum að jafnrétti á vinnustaðnum. Metnaður félagsins er fyrir því að vinnustaðurinn sé öruggur í öllum skilningi. Félagið leggur áherslu á að samstarfsaðilar fyrirtækisins deili með þeim grundvallargildum og leitast við að tryggja að félagið eigi ekki í viðskiptum við aðila sem ekki virða mannréttindi eða framangreind sjónarmið.

## **6. Heiðarleiki í viðskiptum og varnir gegn spillingar- og mútumálum**

Félagið stundar viðskipti af heiðarleika og einsetur sér að fara að lögum, reglum og almennum viðmiðum um siðferði í viðskiptum og fylgja þeim reglum sem fyrirtækið setur á hverjum tíma. Við forðumst viðskipti þar sem siðferðileg álitaefni kunna að koma upp.

Öll viðskipti félagsins eru framkvæmd á armslengdargrunni og við líðum aldrei mútur, spillingu, hagsmunaárekstra, né neins konar óviðeigandi fyrirgreiðslu, hvort heldur af okkar hálfu eða gagnvart okkur. Við þiggjum ekki gjafir sem kunna að draga úr trúverðugleika okkar eða félagsins eða vera til þess fallin að hafa áhrif á ákvörðunartöku eða dómgreind okkar við vinnslu mála. Ef vafi er um heimildir okkar til móttöku gjafa eða annars konar fyrirgreiðslna leitum við ávallt álits næsta yfirmanns okkar.

Félagið hvorki tekur við né greiðir neitt það sem flokkast getur sem mútur. Félagið á ekki í viðskipti við aðila sem standa í málaferlum vegna gruns um peningþvætti.

Öll viðskipti félagsins skulu tilgreind í reikningum félagsins í samræmi við viðurkenndar starfsreglur og skulu háð endurskoðun.

Félagið á aðeins viðskipti við birgja og viðskiptavini sem félagið metur heiðvirða og tekur ekki þátt í neins konar ólögum viðskiptum eða aðgerðum, s.s. peningþvætti eða mútum.

## **7. Hagsmunaárekstrar**

Hagsmunaárekstrar myndast þegar persónulegir hagsmunir eða aðrir hagsmunir sem ekki eru starfstengdir, hafa áhrif eða geta virst hafa áhrif á starfstengdar ákvarðanir okkar. Við látum einkahagsmuni okkar ekki hafa áhrif á starfstengdar ákvarðanir. Við komum ekki að ákvörðunum sem við eða aðilar tengdir okkur kunna að hafa persónulegan hag af, né sinnum við öðrum störfum eða stöðum sem skapað geta hagsmunaárekstur við félagið.



## 8. Upplýsingaöryggi

Félagið tryggir öryggi hvers konar upplýsinga í vörslu félagsins, hvort sem það varðar upplýsingar um starfsfólkið okkar, viðskiptavini eða aðra aðila sem félagið á snertingu við. Varðveisla upplýsinga er tryggð með öryggi og persónuvernd að leiðarljósi.

## 9. Samskipti og upplýsingagjöf

Við sýnum hvert öðru virðingu og eigum hreinskilin samskipti við starfsfólk og alla hagaðila.

Starfsfólkið okkar gætir fagmennsku í samskiptum við viðskiptavini, birgja, hluthafa og aðra sem félagið hefur samskipti við.

Félagið leggur áherslu á gagnsæi fyrir hagaðila okkar og upplýsingagjöf sé rétt á hverjum tíma. Við gætum jafnframt ávallt að heimild okkar til að tjá okkur fyrir hönd félagsins.

## 10. Tilkynning um brot

Við látum óréttmæta viðskiptahætti aldrei viðgangast og það er skylda hvers og eins okkar að standa vörð um að hvorki eigi sér stað lögbrot, brot á siðareglum þessum eða brot á annars konar stefnum, reglum eða gildandi starfsháttum innan félagsins.

Hafi starfsmaður rökstuddan grun um slík brot, ber viðkomanda að gera formlega viðvart og leita til einhvers af eftirfarandi aðilum; næsta yfirmanns, forstjóra Terra umhverfispjónustu, stjórnarformanns eða stjórnarmanns.

Starfsfólki verður aldrei refsað, beint né óbeint, ef þeir í góðri trú koma á framfæri ábendingum um rökstuddan grun um brot samkvæmt þessari grein og verður nafnleynd viðkomandi tryggð við meðhöndlun slíkra mála.

Það er á ábyrgð stjórnar og allra yfirmanna að hafa eftirlit með og bregðast við hvers konar ábendingum um atriði sem varða brot á lögum og siðareglum þessum og koma slíkum málum í viðeigandi farveg.

## 11. Viðurlög

Brot gegn siðareglum þessum geta varðað áminningu og jafnvel brottrekstur, í samræmi við viðeigandi vinnulöggjöf og starfsreglur hverju sinni.

Reglur þessar taka þegar gildi.

Þannig samþykkt af stjórn Terra umhverfispjónustu hf. 28. febrúar 2023